

# Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

---

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis b.t. ritara  
varðar frumv. til laga um vísinda- og nýsk.ráð  
þingskjal 189-188.mál

## Um mikilvægi þess að SFH eigi fulltrúa í tilnefningarnefnd VT-ráðs sent að beiðni nefndarinnar, í kjölfar viðtals 24.11.2022

26.10.2022

Á fund allsherjar- og menntamálanefndar hinn 24.nóv. 2022 mætti undirritaður, fyrir hönd Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna og Elinóra I Sigurðardóttir fyrir hönd KVENN; Félags kvenna í nýsköpun. Kynntu formennirnir umsögn sína við ofangreint frumvarp um vísinda- og nýsköpunarráð, þar sem einkum var lögð áhersla á að almenn hagsmunasamtök hugvitsfólks fái fulltrúa í tilnefningarnefnd ráðsins, sem á er kveðið í 5.grein frumvarpsins.

Á fundinum vorum við m.a. innt eftir rökstuðningi við þá staðhæfingu að hugvitsmenn og hagsmunasamtök þeirra séu ítrekað og markvisst sniðgengin í stjórnkerfinu, og að sú sniðganga sé líkleg til að hamla nýsköpun. Formennirnir bentu m.a. á skýrslu sem félögin tóku saman árið 2019 og send var öllum þingmönnum og ráðherrum undir heitinu „Svört skýrsla um nýsköpun“. Þrátt fyrir að þar væri bent á ýmsa meinbugi í nýsköpunarumhverfinu bárust engin viðbrögð við skýrslunni frá ráðamönnum. Á sama veg hefur verið með flestar aðrar ábendingar hagsmunasamtaka hugvitsfólks. Erindum er allajafna ekki svarað. Einnig eru samtökin sniðgengin við allt samráð, t.d. um stefnumótun í málefnum hugvitsfólks og nýsköpunar. Félögunum hefur verið haldið utan við starf vísinda- og tækniráðs, sem er samráðsvettvangur um mótun nýsköpunar. Þetta gerist á sama tíma og ráðherrar og þingmenn hampa hugvitsmönnum í ræðum og stefnum sem undirstöðu framfara.

Einn nefndarmanna, Sigmar Guðmundsson, fór fram á að fá senda áður nefnda skýrslu; „Svarta skýrslu um nýsköpun“. Starfandi nefndarformaður bað þá um að hún yrði send ritara nefndarinnar og væri þannig aðgengileg öllum nefndarmönnum. Sjálf sagt er að verða við þessari beiðni. En þar sem skýrslan er þriggja ára gömul hefur ýmislegt breyst varðandi efni hennar, og því er hér gerð nokkur grein fyrir stöðu félaganna eins og hún er nú. Ekki liggur þó núna fyrir jafn ítarleg skoðun og þjó að baki skýrslunnar á sínum tíma; enda mjög verið að félögunum þrengt fjárhagslega.

Rétt er að gera stutta grein fyrir helstu þáttum í því umfangsmikla starfi félaganna í þjóðarþágu sem þannig er sniðgengið af stjórnvöldum. Fyrst er lýst grunnstarfi félaganna og síðan stærri verkefnum sem félögin vinna í þágu nýsköpunarmála:

- A. **Reglulegt starf:** Félögin standa fyrir umfangsmikilli reglulegri starfsemi sem styður á öflugan hátt við markmið stjórnvalda um eflingu nýsköpunar. Helstu liðir þess eru þessir:
  - a) Tengslanet fólks sem vill vinna að nýsköpun eða er með nýsköpunarverkefni í gangi.
  - b) Jafningjaráðgjöf á sviði nýsköpunar. Í þessu felst að þeir sem reynslu og þekkingu hafa styðja við þá sem eru að hefja nýsköpunarverkefni eða skortir sérþekkingu í tilteknum efnum. Innan félagsins er fólk með margvíslega reynslu og menntun. Mikilvægi þessa starfs jókst mjög við niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar. Sjá hér síðar.
  - c) Fræðslustarf og áhugaefting. Félögin standa fyrir mánaðarlegum fræðslufundum alla vetrarmánuðina. Oft eru þessir fræðslufundir í fundasal félagsins að Sigtúni 42, og þá fengnir fyrirlesarar á hinum ýmsu sviðum sem gagnast frumkvöðlum; t.d. um styrkjaumhverfið; umsóknaraðstoð; um stofnun og rekstur fyrirtækja; um einkaleyfamál,

## Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

---

markaðssetningu og fleira. Þá eru einnig fengnir frumkvöðlar til að kynna sín verkefni og sína reynslu; ýmist með fyrirlestrum eða með því að þeir bjóða í kynnisheimsóknir. Nýlega gaf Elinóra Inga Sigurðardóttir út „Hugmyndabókina“, sem kemur þeim að góðu gagni sem eru með hugmyndir á byrjunarstigi.

- d) Hagsmunagæsla hugvitsfólks og frumkvöðla, einkum þeirra sem starfa á byrjunarstigum. Enginn veit betur en félagsmenn SFH og KVENN hvar skórin kreppir að í nýsköpunarmálum; hvaða veggir hindra framgang hugmynda á fyrstu stigum og hvar óeðlileg hagsmunagæsla hindrar nýsköpun. Félögin leggja fram umsagnir við lagafrumvörp á sviði nýsköpunar og beita sér í stefnumótun á ýmsan hátt.
- e) Kynning á frumkvöðlum. Félögin starfa ötullega að í kynningarmálum frumkvöðla. Hefur Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður KVENN og ritari SFH, unnið mikið starf á því sviði. Hún hefur t.d. farið í fjölda ferða með frumkvöðla á kynningar og ráðstefnur erlendis, þar sem þeir hafa kynnt sín verkefni og unnið til fjölda verðlauna; haldið úti þáttagerð o.fl.
- f) Undirbúningur tæknimiðstöðvar (science center). Félögin hafa unnið að þessu verkefni í meira en áratug og skilað áfangaskýrslum til stjórnvalda. Slík setur eru rekin í öllum öðrum þróuðum ríkjum og eru mikill stuðningur við raungreinakennslu og nýsköpun. Þrátt fyrir að nýsköpunarstefna stjórnvalda „Nýsköpunarlandið Ísland“ kveði skýrt á um stofnun slíks seturs eru engin merki um aðgerðir.
- g) Alþjóðasamvinna. Félögin eru aðilar að IFIA (Alþjóðasamtökum hugvitsfélaga) og eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn samtakanna. Félögin hafa einnig sterk tengsl við félög hugvitsfólks á Norðurlöndum. Unnið er að því að efla norrænt samstarf á þessu sviði, og hafa íslensku og sænsku félögin forgöngu um það. Auk þess er KVENN aðili að alþjóðasamtökum og Evrópusamtökum kvenna í nýsköpun. Formaður KVENN, Elinóra I. Sigurðardóttir fer nú með formennsku Evrópudeildar Globalwiin; alþjóðasamtaka kvenna í nýsköpun, og mun KVENN standa fyrir stórri alþjóðlegri ráðstefnu Globalwiin hérlendis hinn 6.-7. september 2023.

- B. **Nýsköpunarvirkni fatlaðs fólks.** Um er að ræða verkefni sem SFH og KVENN hafa undirbúið í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálp og önnur samtök fatlaðs fólks, og kynnt hefur verið fyrir ráðherrum og Alþingi. Verkefnið hófst fyrir hvatningu SFH og aðild frumkvöðlafélaganna er forsenda fyrir framgangi þess. Markmið þess er að auka möguleika fatlaðs fólks á atvinnuþátttöku á sviði nýsköpunar, með því m.a. að koma á fót miðlun starfa og með öflugum átaki í fræðslu og hvatningu. Samtök á sviði fötlunar munu koma að verkefninu á virkan hátt og leggja fram þekkingu á sínu sviði, en SFH og KVENN munu sjá um ráðgjöf og fræðslu á sviði nýsköpunar og samskipti við nýsköpunaraðila. Stofnað hefur verið félag um undirbúningsstarfið, sem fékk 10 milljóna kr fjárveitingu félagsmálaráðuneytisins (sjá framar) til undirbúnings 2022. Stofnaður hefur verið lögaðili um undirbúningsstarfið sem heldur utan um þá fjárveitingu. Hinsvegar fékk starf SFH engar fjárveitingu til síns starfs gegnum ráðuneyti nýsköpunar, sem skýtur skökku við og ógnar starfi félagsins. Ljóst er að þessu verkefni er stefnt í hættu ef félögunum verða ekki tryggð skilyrði til áframhaldandi starfs með fjárveitingum. Verkefni þetta er í samræmi við sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks; það styður á öflugan hátt við stefnumið núverandi ríkisstjórnar um aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks, og styður um leið við markmið um eflingu nýsköpunar.

- C. **Söguritan; Íslenskir hugvitsmenn.** SFH og KVENN hafa ráðist í umfangsmikla söguritan sem er einstök í íslenskri menningarsögu. Hún miðar að því að taka saman nokkuð heildstæða

# Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

---

skrá um íslenska hugvitsmenn og íslenskar uppfinningar; frá fyrstu tíð til samtímans. Þessi mikilvægi þáttur íslenskrar menningarsögu hefur ekki áður verið skráður á heildstæðan hátt. Skýtur það verulega skökku við að á sama tíma og stjórnvöld hvetja þjóðina til framtaks og nýsköpunar og verja háum upphæðum almannafjár til reksturs stofnana á þessu sviði skuli verkum og minningu hugvitsmanna vera sýnd slík lítilsvirðing. SFH og KVENN hafa þegar hafið vinnu við úrbætur í þessum efnum og furða sig á að ráðuneyti nýsköpunar hafi virt að vettugi beiðni um lítilsháttar stuðning við þá miklu vinnu. Með þessari vinnu skapast um leið grundvöllur þess að héraendis verði opnað „frumgerðasafn“, þar sem sýndar eru íslenskar uppfinningar; öðrum til hvatningar, skólanemendum til fræðslu og ferðafólki til skoðunar. Slík söfn eru þjóðarstolt annarra ríkja, en héraendis eru frumgerðir núna lítils virtar.

- D. **Ráðgjöf til frumkvöðla.** Félögin hafa rekið öflugt ráðgjafastarf eins og lýst var hér áður. Með niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands lagðist niður sú gjaldfrjálsa ráðgjöf sem hugvitsmenn og frumkvöðlar hafa notið þar. SFH og KVENN gerðu athugasemd við þetta til Alþingis og fylgdu henni eftir á fundum með atvinnuveganefnd þingsins. Þetta varð til þess að í lög nr 25/2021 um „opinberan stuðning við nýsköpun“ var í 9.gr sett ákvæði um að „ráðherra skal setja á fót stafræna nýsköpunargátt fyrir upplýsingagjöf um stuðning við nýsköpun og tryggja að ráðgjöf á fyrstu stigum nýsköpunarverkefna sé gjaldfrjáls og aðgengileg hvar sem er á landinu, m.a. leiðsögn við umsóknarferli innan stuðningsumhverfis nýsköpunar“.

SFH og KVENN hafa boðið stjórnvöldum (háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti) að taka að sér þessa gjaldfrjálsu ráðgjöf til frumkvöðla og gera um það þjónustusamning við ráðuneytið. Félögin eru vel í stakk búin til að sinna þessu verkefni á öflugan hátt og það fellur mjög vel að starfsemi þeirra. Félögin hafa á að skipa færur ráðgjöfum með reynslu og menntun á þessu sviði, auk þess sem þau geta nýtt fjölbreytta reynslu félagsmanna. Félögin reka nú þegar skrifstofu að Sigtúni 42 í Reykjavík og munu nýta hana í þessum tilgangi. Þessi þáttur fellur einnig mjög vel að öðrum verkefnum félaganna, einkum verkefninu „nýsköpunarvirkni fatlaðra“ sem lýst var hér að ofan. Hugsanlegt er að gagnagrunn þess verkefnis megi aðlagja þessari ráðgjöf. Félögin munu efna til samstarfs við þá aðila sem verkefnið útheimtir og t.d. leita eftir samstarfi við hið nýja Tæknisetur og frumkvöðlasmiðjur víðs vegar um landið. Ráðuneytið hefur ekki svarað þessum erindum SFH fremur en öðrum.

Fleiri verkefni áforma félögin til eflingar nýsköpunar. T.d. hafa þau hug á að bjóða skólum upp á fræðslu og heimsóknir starfandi frumkvöðla. Einnig vilja félögin vinna að undirbúningi þess að héraendis komist á fót áður nefnt uppfinninga- eða frumgerðasafn, sem bæði myndi varðveita einstæðan menningararf og hvetja til nýsköpunar.

Rétt er að rekja hér stuttlega hvernig til hefur tekist um opinberan stuðning við hið mikilvæga starf sem félögin vinna á frumstigum nýsköpunar, áður en lýst er verkefnum og fjárförf.

- Félögin hafa unnið mikið starf í áratugi að eflingu nýsköpunar. Kostnaður við það hefur að mestu lent á þeim sem valist hafa til stjórnunar hverju sinni, enda útilokað að innheimta félagsgjöld af einstaklingum sem vinna að nýsköpunarverkefnum á frumstigi. Þrátt fyrir fjölmargar beiðnir til stjórnvalda er stuðningur þeirra einungis þessi:
- 1.000.000 fékkst af fjárlögum árið 2011; fyrsti stuðningur frá stofnun SFH árið 2008.
- 1.500.000 fékkst af safnliðum atvinnuvega- og nýsk.ráðuneytis árið 2013.
- Þá hófst niðurskurður ráðuneytisins; 750.000 fengust af sama lið 2014.
- Enn skar ráðuneytið niður; veitti 500.000 árið 2016

# Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

---

- Áfram þrengdi ráðuneytið að samtökunum árið 2017; veitti 300.000.
- Með bréfi dags 27.02.2019 lýsti ráðuneytið því yfir án rökstuðnings að þaðan væri ekki lengur styrkja að vænta fyrir þessi einu hagsmunasamtök hugvitsfólks á landinu.
- Fyrir atbeina góðra þingmanna fengu SFH og KVENN úthlutað kr 5.000.000 af fjárlögum ársins 2021, þrátt fyrir að ráðuneytið hefði þá, líkt og nú, hundsáð beiðni félaganna.
- Félögin lögðu fram samhljóða beiðni til ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis 06.08.2021. Ráðuneytið virti hana að vettugi eins og oft áður, en einstakir alþingismenn vildu beita sér í málinu. Það virðist þó hafa valdið misskilningi að á sama tíma var sótt um framlag til verkefnis sem SFH og KVENN koma að, og lýtur að því að auka möguleika fatlaðs fólks til starfa í nýsköpun. Fór svo að það verkefni fékk 10 milljónir til undirbúnings af fjárliðum félagsmálaráðuneytis, en SFH og KVENN fengu ekkert til síns rekstrar og annarra verkefna.
- Félögin lögðu fram erindi til háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins hinn 12.02.2022; lýstu þar hinum miklu verkefnum sem félögin vinna að í þjóðarþágu; sem sum eru lögbundin, og fóru fram á þjónustusamning við ráðuneytið vegna þeirra. Erindinu var fylgt eftir með fundi hjá ráðherra hinn 18.03.2022, en því hefur ekki verið svarað.

Í meðfylgjandi skýrslu frá árinu 2019; „Svartri skýrslu um nýsköpun“, er rakið hvernig stjórnvöld höfðu þá búið að hugvitsfólki og samtökum þeirra, sem í hátíðarræðum er gjarnan nefnd „undirstaða framfara“ og „drifkraftur hagsældar“. Skýrslan ber merki síns ritunartíma; þar er m.a. vikið að starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem síðan var þurrkuð af sjónarsviðinu.

Hagsmunasamtök hugvitsfólks fengu enga aðkomu að mótun þess úrræðis sem við tók; einkahlutafélag um „tækniisetur“, og ekki var hlustað á athugasemdir þeirra.

SFH og KVENN fengu heldur ekki setu í þeim 18 manna starfshópi ráðherra sem undirbjó nýsköpunarstefnu þjóðarinnar; „Nýsköpunarlandið Ísland“, fyrir fáum árum. Í hópnum var enginn úr hópi frumkvöðla á fyrstu stigum nýsköpunar, þó eflaust væri það allt ágætt fólk. Athugasemdir sem félögin sendu inn í vinnuna voru fæstar teknar til greina.

Allt hnígur þetta í sömu átt. Innan stjórnkerfisins virðist ríkja afar mikil hagsmunagæsla í þágu öflugra aðila, sem útilokar að sjónarmið grasrótarinnar í nýsköpun komist á framfæri. Þannig stjórnsýsla er alls ekki í þjóðarþágu, og beinlínis skaðleg; enda hindrar hún allar umbætur sem gera þarf á grunnkerfum stuðningsumhverfis nýsköpunar.

Því ítrekum við hér með ábendingar SFH í umsögn um umrætt lagafrumvarp. Ein öflugasta leiðin til þess að sjónarmið hugvitsfólks komist á framfæri við stjórnvöld er að lýðræðisleg hagsmunasamtök þeirra fái fulltrúa í hinu nýja vísinda- og nýsköpunarráði. Reynslan sýnir að þeir aðilar sem ætlað er sæti í tilnefningarnefnd munu ekki skipa fulltrúa hugvitsfólks í vísinda- og tækniráð, nema að þeir komi úr röðum grasrótastarfs hugvitsmanna.

Farið er fram á að umbeðnar breytingar verði gerðar á frumvarpinu, með þeim rökum sem hér hefur verið hnykt á.

Virðingarfyllst

Valdimar Össurason, formaður SFH  
862 2345

Meðfylgjandi: „Svört skýrsla um nýsköpun“ frá árinu 2019